

MIKILL ER SÁ MUNUR

Gunnar Gunnarsson skáld, áhbiður sjer 4000 kr. af fje ríkisjóði, hvort sem litid sje á að sem styrk eða heidurslaun. Semur þarna mjög ljóslega fram, hversu mikill og skemtiligur munur er nú orðinn á ögum íslenskra skálda frá því en áður var. Fyrir taplega álfri öld hafðist það með naumdum fram á Alþingi, að Þorstein Erlingsson gæti fengið 600 kr. í því skyni, að stundnar til að yrkja yrðu nokkru fleiri. Hefir mjer oft komið í hug, hverjar myndu hafa orðið fjeðingarnar, ef menn hefðu þingi verið nógu viðtýnir til að veita þessu ljómandi skáldi, ekki 500 heldur 3000 krónur. Éva að hann hefði getað helgað alla sína starfsorku, þeirri list, sem honum ljét svo vel. En seiss hans mátti svo illa við því að sitja við að kenna þó stundir á dag, og hann dó frá svo mörgu sem hann langaði til að yrkja.

Eða þá Gestur Pálasen. Að hugsa sjer, að eins skemtilega íriferum manni og Gestur var, skyldi, fyrir aðeins álfri öld, blátt áfram ekki vera líft í Reykjavík. Mjer er kunnugt um

að Gestur lá við örvæntingu og örþrífráðum, sakir fjárskorts. Og örþrífráð mega það kallast, að hann skyldi fara vestur til Winnipeg, sem á þeim árum, mátti teljast enn á gelgju-skeiði, og hafði orð á sjer fyrir að vera alveg andlaus bær. Segi nú einhver, að Binar Hjörleifsson Kvaran hafi þó lifað þar í 10 ár, og ekki einungis það, heldur lifað af, og komist heim aftur til að vinna mikils verk. Þá er þess að minnst, að á útivist þeirra Elnars og Gests var nokkuð svipaður munur og á útlegð Glóa Sörvarsonar og Grettis. Það var Áður sem gerði muninn, það var um Gest, líkt og annan mann sem skorturinn stytta áður, Jónas Hallgrímsson, að ekki gat komið til mála að stofna heimili. Mun sjaldan hafa orðið meiri mannskaði íslendinga en sá, að Jónas Hallgrímsson skyldi ekki verða langlífi, því að hann var ekki einungis blíð ágætasta skáld, heldur virðist einnig hafa haft ekki síður hæfileika til visindastarfs. En það er mjög sjaldgæft, að menn sjeu jafnvígir á hvortveggja. Var Jónas um þetta líkur ágætum samtíðar-

manni sínum, Adelbert v. Chamisso, sem var náttúrufræðingur og skáld einsog hann, en tók þátt í rannsóknarferð kringum jörðina. Virðist Jónasi því miður, litid hafa verið kunnugt um Chamisso, en þó kvað bragarháturinn á „Fífilbreikka, gróin grund“ vera frá honum — og bið jeg sjer fróðari menn að leiðrjetta, ef þetta er rangminni. En þó að bragarháturinn væri aðfenginn, og Chamisso ágætur snithingur, þá held jeg að hann hafi nú samt ekkert ort, sem er alveg eins gott og Fífilbreikkan. —

Lyk jeg svo þessum línum með því að leggja til, að fyrst Gunnar Gunnarsson vill ekki þessar 4000 kr., fal aðeir að njóta, sem meiri hafa þeirra þörf. Læt jeg þar nægja að nefna Kjartan Ólafsson, sem mjer virðist ósfað eiga það skilið, að þannig væri vakin eftirtekt á því, hversu vel hann yrkir. Og enn fremur Þorstein gamla frá Háholti, — nú kominn fast að áttæðu — sem hefir fengið 300 kr. rithöfundar laun, en í alla staði væri rjettara að fengi 600.

11. febr.

Helgi Pjeturss.